

# Íslenskur iðnaður

7. tölublað 16. árg.

Júlí 2010

Samtök iðnaðarins

SI



## Hvatningarátak um atvinnuskapandi framkvæmdir

Þann 7. júlí var formlega hrundið af stað hvatningarátaki sem stjórnvöld, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, efna til í sumar. Hinn landspekkti teiknari Halldór Baldursson fékk það verkefni að túlka skilaboðin á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, en þau fela í sér:

- hækkan á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við eigið íbúðarhúsnæði og sumarhús í 100% úr 60%
- skattafrádráttur til einstaklinga sem fjárfesta í viðhaldi á eigin húsnæði sem nemur allt að 200 þúsund króna lækkun á tekjuskattstofni hjá einstaklingum og 300 þúsund króna lækkun hjá hjónum og samsköttuðum
- áherslu á mikilvægi þess að öll viðskipti almennings og fagmanna séu uppi á borðum en með því að útrýma svartri vinnu mætti auka skatttekjur ríkisins og þar með fjárveitingar til almannaþjónustu um 40 milljarða króna á ári, skv. mati SI.

Með áttakinu eru landsmenn hvattir til þátttöku í stórum sem smáum verkum, að þeir beini viðskiptum sínum að innlendi vöru og þjónustu, fjárfesti í við-

haldi íbúðarhúsnæðis/sumarhúsa og leggi þar með sitt af mörkum til atvinnusköpunar á Íslandi. 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti og skattafrádráttur vegna vinnu við eigið húsnæði ýta undir að viðhaldsverkefni af þessu tagi séu uppi á borðum en áttak til að stemma stigu við svartri vinnu er eitt af sam-eiginlegum hagsmunamálum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þá felur áttakið einnig í sér persónulega ráðgjöf fagmanna um handbragð við viðhaldsframkvæmdir undir leiðsögn bygginga-deildar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

### Hagstæð framkvæmdalán og þátttaka fyrirtækja

Leitað hefur verið til fjármálastofnana varðandi framkvæmdalán til almennings á hagstæðum kjörum og þá mun Bygðastofnun bjóða fyrirtækjum á landsbyggðinni verðtryggt lán til viðhaldsverkefna til 12 ára á 7% vöxtum. Sömuléiðis munu íslensk fyrirtæki vera með tilboð vikulega á viðeigandi vörum og þjónustu.

Eftirtaldir standa að áttakinu ásamt stjórnvöldum: Samtök iðnaðarins, Alþýðusamband Íslands og aðildarfélag, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

## Orri Hauksson ráðinn framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Orri er 39 ára vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og MBA frá Harvard Business School.

Orri hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novator, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans. Orri var aðstoðarmaður forsætisráðherra árin 1997 til 2000. Hann hefur störf hjá Samtökum iðnaðarins í ágúst.



*Skrifstofa Samtaka iðnaðarins er lokuð vegna sumarleyfa frá 19. júlí til og með 6. ágúst. Óskum félagsmönnum og öðrum lesendum Íslensks iðnaðar gleðilegs sumars.*

bls. 2

Skattastefna dauðans

Sérít SI um efnahagsmál

STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

bls. 3



Námskeið í gæðavottun SI

bls. 4

Skattaávilnun vegna þróunarkostnaðar

bls. 4



Pelé kominn til Íslands

# Skattastefna dauðans

Núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir stórfelldum skattahækkunum á fólk og fyrirtæki frá því hún komst til valda fyrir hálfu öðru ári. Ljóst var að einhverjar skattahækkunar yrðu ekki umflúnar vegna þess ástands sem skapast hefur eftir hrúnið. En það hefur verið gengið allt of hart fram og mér segir svo hugur um að áfram verði haldið á þeirri óheilla-braut með afleiðingum sem fæstir vilja horfast í augu við. Það er skylda atvinnurekendasmata eins og Samtaka iðnaðarins að vara við og benda á þær hættur sem felast í skattþínu sem leiðir til minnkandi hagvaxtar, landflótta fólks, minnkandi áhuga á vinnu, aukningu skattsvika og tilburða fyrirtækja til að flytja starfsemi sína úr landi.

## Hætta á fólksflótta

Það er ekki hlaupið að því fyrir fólk að flýja land undan óbilgjarnri skattheimtu en það er engu að síður farið að bera á því. Þekkt eru dæmi um að fólk sem sá

## Framkvæmdastjórnarskipti

Jón Steindór Valdimarsson hefur látið af starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins eftir



langt og farsælt starf. Hann starfaði samtals í 22 ár hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og svo hjá SI frá stofnun, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en tók við stöðu framkvæmdastjóra í árslok 2007.

Jón Steindór taldi að nú væri rétt að breyta um starfsvettvang eftir svo langan starfsferil á sama stað. Honum fylgja góðar óskir um farsæld í framtíðinni.

Við starfi framkvæmdastjóra tekur Orri Hauksson. Hann hefur góða menntun og starfsreynslu úr atvinnulífinu og stjórn SI bindur vonir við að með honum komi nýjar hugmyndir og ferskir vindar. Nýjum stjórnendum fylgja jafnan nýjar áherslur og ljóst er að framundan er tími mikillar varnarsáttu í iðnaði en ekki síður tími tækifæra.

Orri Hauksson er boðinn velkominn til starfa. Stjórn og starfsfólk Samtaka iðnaðarins vænta góðs af samstarfi við hann.

fram á að þurfa að greiða gífurlegar fjárhæðir í svonefndan „auðlegðarskatt“ hefur þegar fluttst úr landi. Það er þá líklega fólk sem hefði borið hvað mestan skatt en ekki hinir sem minna mega sín. Viðbúðið er að skattlutfallið á þá sem eftir verða muni hækka og ósanngirnin því aukast enn frekar.

Við þurfum sannarlega ekki á því að halda núna að hrekja fólk úr landi vegna skattþínu. Nægilegt viðfangsefni er að halda okkar fólk í sáttu í landinu með því að skapa atvinnu. Það gengur ekki of vel því viðvarandi atvinnuleysi er nú um 15.000 manns og ekki er að sjá að það muni minnka á næstunni.

## Kosið með fótunum?

Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja er að versna í alþjóðlegum samanburði. Forstjóri Kauphallar Íslands telur að hætta á fyrirtækjaflóttu sé raunveruleg. Nokkur íslensk iðnfyrirtæki sem stunda alþjóðlega starfsemi eru með höfuðstöðvar sínar á Íslandi. Það væri okkur mikið áfall ef þau teldu hag sínum betur borgið með því að flytja höfuðstöðvar sínar til útlanda. Á annan áratug unnu stjórnvöld að því að skapa hér áhugavert skattaumhverfi fyrir þessi fyrirtæki og annað atvinnulíf. Nú er verið að breyta því hratt og örugglega til verri vegar og maður fær ekki betur séð en að talsmenn ríkisstjórnarinnar séu býsna hreyknir af þeirri stefnumörkun. Tekjuskattur fyrirtækja var hækkaður í fyrra úr 15% í 18% og skattalöngum var breytt mjög til hins verra varðandi ráðstöfun og skattlagningu á arði. Fjármagnstekjuskattur var hækkaður úr 10% í 18% - eða um heil 80%! Fregnir herma að vilji sé til þess í herbúðum stjórnarliða að herða enn á þessum og öðrum skattahækkunum.

En fólk lætur ekki bjóða sér hvað sem er. Sumir komast hvorki lönd né strönd en aðrir geta einfaldlega kosið með fótunum - farið úr landi. Mesta hættan er fólgin í því að við missum þá sem við megum síst við að missa.

## Miklar takmarkanir

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga snýst m.a. um það að halda fólk í sáttu í landinu, að laða fólk til baka sem hefur farið utan að afla sér menntunar og einnig að halda þeim fyrirtækjum í landinu sem skapa störf, skapa verðmæti og skila sköttum í sameiginlega sjóði. Þá þarf samkeppnisumhverfið að vera með þeim hætti að



Helgi Magnússon  
formaður SI

útflendingar þori að fjárfesta á Íslandi og að þeir sjái sér hag í því. En samanburður á því sviði er okkur sannarlega ekki hagstæður nú um stundir eins og fram kemur í því að Ísland er nú í öðru sæti á lista aðildarríkja OECD yfir þau lönd sem hafa mestar takmarkanir á beinni fjárfestingu erlendra aðila. Mestar eru hömlurnar í Kína, þá kemur Ísland og Rússar fylgja á eftir okkur.

Þá er stöðugleiki í skattheimtu grundvallaratriði þegar kemur að ákvörðunum um fjárfestingar. Bæði innlendir og erlendir aðilar verða að geta treyst því að stefna stjórnvalda varðandi skattamál sé langtímastefna sem hægt sé að byggja fjárfestingaráform á.

Það er kominn tími til að draga stórlega úr hömlum á þessu sviði. Við þurfum uppbyggingu og fjárfestingar í landinu, m.a. með atbeina erlendra samstarfsaðila. Við megum ekki láta einangrunaröflin ráða hér för. Við þurfum að bregðast við strax.

Íslendingar mega engan tíma missa við að auka verðmætasköpun, efla hagvöxt og draga stórlega úr atvinnuleysi.

Höldum fólkinu og fyrirtækjunum í landinu. Ekki með höftum og hömlum heldur aðlaðandi starfsumhverfi og vænlegri framtíðarsýn.

## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
7. tbl. 16. árg. Júlí 2010  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 22.7.2010  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is  
Ábyrgðarmaður: Helgi Magnússon  
Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

Sérrit Samtaka iðnaðarins um efnahagsmál

1. tölublað 1. árg.

Júlí 2010

Samtök iðnaðarins

## Ísland og Maastricht-skilyrðin

**B**orgin Maastricht í Hollandi er líklega þekktust fyrir það á Íslandi að við hana er kenndur sáttmáli sem kveður á um þau skilyrði sem lönd þurfa að uppfylla til að eiga kost á aðild að Myntbandalagi Evrópu (EMU). Í tengslum við umræðu um aðild að ESB eru þessi skilyrði oft nefnd en ættu ekki síður að tengjast almennri efnahagsumræðu. Ákall Samtaka iðnaðarins um aukinn stöðugleika og betri starfsskilyrði felast í raun í því að Ísland uppfylli Maastricht-skilyrðin. Skilyrðin eru þekkt en stóra spurningin er hvort og þá hvenær Ísland geti uppfyllt þessi skilyrði. Óháð því hver skoðun manna er á aðild að ESB og upptöku evru eru allir líklega sammála um mikilvægi stöðugleika í gengi og verðlagi, lágra vaxta og jafnvægi í opinberum fjármálum. Í þessari grein eru skilyrðin rakin og hvort, hvernig og hvenær Ísland geti staðist þau. Þau eru mikilvæg hvort sem litið er til almennrar efnahagsþróunar eða til aðildar Íslands að ESB og EMU.

### Verðbólgan erfið

Samkvæmt sáttmálanum má verðbólga ekki vera meiri en 1,5 prósentustig umfram meðaltal verðbólgu í þeim þremur evruríkjum þar sem hún er lægst. Á ríflega tíu ára tímabili frá árinu 1992 tókst vel að halda verðbólgu í skefjum á Íslandi. Á þeim tíma var eins konar fast-

gengisstefna við lýði auk þess sem sæmilegur friður var á vinnumarkaði í kjölfar þjóðarsáttarsamninga. Hins vegar var atvinnuleysi frekar hátt í sögulegu samhengi og hagvöxtur framan af tímabilinu lítill. Fullyrða má að á þessum tíma hefði Ísland staðist þetta skilyrði. Það reyndist hins vegar ómögulegt að halda fastgengisstefnu með jafn lítinn gjaldmiðil og krónan er þegar fjármagnsflutningar eru frjálsir. Gengi krónunnar var sett á flot árið 2001 og þá hófst rússíbanareiðin, sem ekki sér enn fyrir endann á. Vegna þess hve gjaldmiðillinn er smár og landið háð innfluttum vörum er gengisþróun ráðandi þáttur í þróun verðbólgu. Því verður ekki dregin önnur ályktun en að forsenda þess að verðbólga á Íslandi geti orðið í takt við Maastricht-skilyrðin sé að gengið sé stöðugt. Án utanaðkomandi stuðnings, s.s. aðild að ERM II, er ólíklegt að Ísland muni nokkurn tíma uppfylla þetta skilyrði.

### Ríkisfjármál



Annað skilyrði sáttmálanum er að jafnvægi skuli vera í ríkisrekstri. Halli má ekki vera umfram þrjú prósent af landsframleiðslu og skuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en nemur 60% af landsframleiðslu. Fram að efnahagskreppunni sem hófst hér seint á árinu 2008 uppfyllti Ísland þetta skilyrði vel en í kjölfar

hennar breyttist það hratt. Í árslok 2009 voru opinberar skuldir Íslands um 105% af landsframleiðslu og halli á rekstri ríkissjóðs um 7% á sama mælikvarða. Auk þess er skuldastaðan býsna óljós á meðan Icesave-deilan er enn óleyst. Hins vegar eru mörg lönd innan evrunnar sem standast illa þessa mælikvarða og raunar voru flest lönd álfunnar með halla umfram skilyrði sáttmálanum í kjölfar aðgerða vegna kreppunnar. Lönd eins og Írland, Ítalía, Belgía, Spánn og Grikkland eru bæði mjög skuldsett og með mikinn halla og standast ekki skilyrðin. Líklegt er talið að efnahagskreppan í heiminum muni gera það að verkum að aukin áhersla verði lögð á þetta skilyrði vegna innkomu nýrra landa í myntsamstarfið. Staða Íslands er augljóslega slæm hvað þetta varðar en það hvernig úr rætist við endurreisn efnahagslífsins mun skipta sköpum. Miðað við fyrirliggjandi áætlanir er reiknað með að skuldir hins opinbera verði enn yfir 100% af landsframleiðslu eftir 4-5 ár.

### Stöðugt gengi

Þriðja skilyrðið snýr að stöðugleika gengisins samkvæmt því skal gengið haldast innan 15% fráviksmarka gagnvart evru í tvö ár. Ef litið er framhjá gengisþróun tíunda áratugarins hefur Ísland aldrei uppfyllt þetta skilyrði.

framhald bls. 4



# Bætt þjónusta við félagsmenn

Öflun og miðlun upplýsinga sem lýsa stöðu og starfsskilyrðum iðnaðarins hefur alltaf verið reglubundinn hluti af starfsemi Samtaka iðnaðarins. Um langt árabíl var gefin út árlega dagbók sem innihélt m.a. hagtölur iðnaðarins. Þeirri útgáfu var hætt árið 2008 og síðan hefur miðlunin einkum farið fram á vef Samtakanna, í Íslenskum iðnaði og á fundum með félagsmönnum og starfsgreinahópum.

Hér gefur að líta fyrsta tölublað nýs sérblaðs á vegum SI sem hefur hlotið nafnið Starfsskilyrði iðnaðarins. Markmiðið með útgáfunni er margþætt. Í fyrsta lagi er þörfin á gagnrýnni umræðu um efnahagsmál mikil þar sem mat er lagt á stöðu efnahagslífsins. Í öðru lagi vilja Samtökin mæta þörf margra félagsmanna fyrir betri fréttir og greiningu á stöðu efnahagsmála í prentuðu formi.

Vert er að hafa í huga að stór hópur félagsmanna situr ekki við tölvu dags daglega og fylgist með fréttum. Vandaður fréttaflutningur á vefnum kemur þessum hópi lítt til góða. Einnig benda atvuganir Samtakanna til þess að Íslenskur iðnaður sé vel lesið rit meðal félagsmanna og þeirra sem fá blaðið. Því er hér kærkomið tækifæri til að auka enn umfjöllun um áherslur Samtakanna í efnahagsmálum. Í þriðja lagi vilja Samtökin að umfjöllun um efnahagsmál fari fram á forsendum iðnaðarins og hlutur og vægi hans verði gerð góð skil. Að síðustu má nefna að umfjöllun af þessu tagi getur bætt ásýnd út á við. Vönduð umfjöllun ratar oft en ekki í aðra miðla.

Ekki liggur fyrir ákvörðun um hver tíðni þessarar útgáfu verður en líklegt er að ritið komi 2-4 sinnum út á ári. Það



**Bjarni Már Gylfason**  
hagfræðingur SI

mun ráðast nokkuð af viðtökunum en rétt er að minna á að endurgjöf félagsmanna á efni ritsins er vel þegin.

Efnistökin í þessu fyrsta tölublaði ráðast nokkuð af því sem hefur verið mikið til umræðu á okkar vettvangi upp á síðkastið. Þau ráðast einnig af því að margvísleg gögn og opinberar hagtölur liggja fyrir á mismunandi tímum ársins. Þannig má búast við að efnistökin í næsta tölublaði verði verulega frábrugðin.

## Fer að síga á seinni hluta kreppunnar



Nýjar tölur Hagstofunnar um þróun landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs benda til að botni efnahagskreppunnar hafi verið náð seint á síðasta ári. Því fer þó fjarri að hægt sé að fagna endalokum kreppunnar enda mælist árshagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi þessa árs -6,8%. Hins vegar er aukning í landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi 0,6% frá fjórða ársfjórðungi 2009.

Þetta gerist þrátt fyrir að allir helstu undirlíðir innlendrar eftirspurnar dragist saman og framlag utanríkisviðskipta hafi verið neikvætt. Ástæða hagvaxtarins liggur í verulegri aukningu birgða. Birgðasöfnun felur raunar í sér forskot á landsframleiðslu í framtíðinni því þegar birgðir seljast eykst útflutningur eða neysla.

### Loks aukin fjárfesting

Samdráttur varð í mikilvægustu undirþáttum landsframleiðslunnar á fyrsta fjórðungi þessa árs. Einkaneysla minnkaði um 0,6%, samneysla um 0,5% og fjárfesting dróst saman um 15,6%. Það vekur athygli að fjárfestingarmyndun í íbúðarhúsnæði jókst um 4% milli loka fjórðungs 2009 og fyrsta fjórðungs þessa árs. Frá

seinni hluta ársins 2007 hefur verið samfelldur samdráttur í þessum lið þar til nú. Þessi þróun gefur fyrirheit um að íbúðabyggingar geti farið að taka við sér enda ljóst að nokkur þörf er farin að skapast fyrir vissar stærðir íbúðarhúsnæðis.



### Botninum náð

Ef horft er á þróun efnahagslífsins frá því að bankahrunið reið yfir má segja að nokkru jafnvægi hafi verið náð eftir krappan samdrátt frá fjórða ársfjórðungi ársins 2008 fram undir seinni hluta ársins 2009. Segja má að innlend eftirspurn hafi tekið skref afturábak og efnahagslífið sé búið að laga sig að þeim breytingum. Atvinnuleysi hefur haldist nokkuð stöðugt og verðbólga hefur minnkað en hvorutveggja er merki um jafnvægi. Þó er ljóst að mikill slaki er enn í hagkerfinu og verulega þarf að spýta á til að koma hjólum efnahagslífsins á skrið. Horfur fyrir þetta ár eru býsna óljósar m.a. vegna áhrifa frá eldgosinu í Eyjafjallajökli. Spár virðast þó almennt gera ráð fyrir að botninum hafi verið náð en að bíða verði a.m.k. þar til undir lok þessa árs til að sjá hagvöxt skriða yfir núllið.

### Alþjóðlegur samanburður

Athyglisvert er að bera saman þróunina í mismunandi löndum. Af helstu iðnríkjum heims virðast Bandaríkin ætla komast hraðast út úr kreppunni og benda spár til þess að framleiðsla muni fljótlega ná sama stigi og fyrir kreppu. Bretland og Evrusvæðið eru komin í hægfare bataferli en staðan í þeim löndum sem urðu fyrir kerfislaegri bankakreppu s.s. Írland, Lettland og Ísland er verri. Á Íslandi er gert ráð fyrir að framleiðsla verði um 5% undir því sem var fyrir kreppuna í árslok 2012 en er núna um 10% undir hámarki. Í Lettlandi er kreppan mun dýpri og hefur framleiðsla þar minnkað um fjórðung.

# Framleiðni hefur aukist í kjölfar kreppunnar

**P**ótt atvinnuleysi sé mikið virðist sá sveigjanleiki sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað auðveldað aðlögun þjóðarþúsins að efnahagsfallinu. Dregið hefur úr atvinnuþátttöku, vinnutími hefur styst og talsverður brottflutningur fólks hefur verið af landinu. Þetta gerir það að verkum að framleiðni vinnuafis hefur aukist þar sem heildarvinnustundum fækkaði töluvert meira á síðasta ári en sem nemur samdrætti í framleiðslu. Samdráttur í heildarvinnustundum á síðasta ári var um 11% á sama tíma og landsframleiðsla dróst saman um 6,5%. Framleiðniaukning hvers ársverks jókst því um 2,5%.

Þetta er vissulega jákvæð þróun og til marks um að fyrirtækjin eru að nýta samdráttarskeiðið til að hagræða eins og kostur er. Í Evrópu hefur það ekki gerst líkt og hér, að framleiðni vinnuafis hafi aukist í kjölfar kreppunnar en í Bandaríkjunum gæti svipaðrar þróunar og hér.



## Atvinnuleysi minnkar hægt

Ekki er fyrirjáanlegt að atvinnuleysi minnki mikið í bráð. Þótt efnahagslífið taki við sér gættir þeirrar tilhneigingar að atvinnuleysi minnkar hægar en framleiðsluaukning gæti gefið tilefni til. Skýringin liggur í því að fyrirtæki bíða með að fjölga starfsfólki á meðan framleiðsla

fer vaxandi. Aðlögun vinnumarkaðarins að efnahagsfallinu mun því taka nokkur ár.

Nýlegar kannanir meðal fyrirtækja í landinu benda raunar til þess að fleiri fyrirtæki en færri vilja fækka fólki enn frekar. Talið er að nettó fækkun starfsmanna á þessu ári geti orðið um 1.500 sem samsvarar því að atvinnuleysi gæti aukist um eitt prósentustig. Það þýðir þó ekki að skráð atvinnuleysi aukist með tilsvarendi hætti vegna brottfalls af vinnumarkaði.


Ljóst er að krefjandi tímar fara í hönd á vinnumarkaði. Almennungur hefur tekið á sig mikla kjaraskerðingu en geta atvinnulífsins til að hækka laun er engin. Það sama á við um opinbera geirann en þar er svigrúm til launahækkana minna en ekkert og fyrirjáanlegt að fækka þurfi störfum til að mæta kröfum um samdrátt í opinberum útgjöldum.



# Hægfara hækkun raungengis

Í ágúst sl. náði raungengi krónunnar sögulegu lágmarki. Það mælir kaupmátt innlendrar framleiðslu og er hlutfall milli verðlags eða launa á Íslandi og í öðrum

löndum. Hátt raungengi þýðir að innlent verðlag eða laun á Íslandi eru há miðað við útlönd. Þá er samkeppnisstaða útflutningsgreina slæm og öfugt þegar



Til að meta langtímaþróun gengis er stundum horft á hlaupandi meðaltal sem mælir meðalraungengi síðustu fimm ára. Samkvæmt því er raungengið nú svipað og það var á árunum 1998-2001. Venjulega er veikingarfasi hlaupandi meðaltals langur tími eða allt að 10 ár. Það bendir til þess að gengið verði veikt í allmörg ár í viðbót.

raungengið er lágt. Á móti sterkri samkeppnisstöðu kemur að staða skuldsettra fyrirtækja í erlendri mynt er mjög þröng. Raungengið getur hækkað bæði með aukinni verðbólgu m.v. samkeppnislönd okkar eða með styrkingu á nafngengi krónunnar. Raungengið hefur hins vegar hækkað jafnt og þétt frá því í ágúst sl. Það getur gerst annars vegar með mikilli verðbólgu en hins vegar með styrkingu á

nafngengi krónunnar. Sem betur fer skýrir hið síðarnefnda stærstan hluta hækkunar á raungenginu en verðbólgan á líka sinn þátt.

## Lágt raungengi næstu árin

Viðskiptakjör mæla hlutfall milli verðs út- og innflutnings og mæla í raun hvað fæst af innflutningi fyrir hverja einingu útflutnings. Raungengi hefur tilhneingingu til að fylgja þróun viðskiptakjara. Ef þau batna ætti að fylgja hægfara styrking á raungengi líkt sést hefur á síðustu mánuðum í átt til langtímaþröngvægis. Hins vegar er líklegt að á næstu misserum muni það haldast lágt en það mun styðja við útflutningsdrifinn hagvöxt og gera þjóðarþúinu kleift að takast á við erlenda skuldsetningu.

Framhald af bls. 1

## Ísland og Maastricht-skilyrðin

Ekkert bendir til að það breytist í núverandi kerfi. Að vísu er hægt að ná þessu skilyrði með gjaldeyrishöftum en þau ganga ekki til lengdar vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Færa má rök fyrir því að forsenda þess að uppfylla þetta skilyrði sé að ganga í ERM II og reyna að fá stuðning Seðlabanka Evrópu. Sagan kennir okkur að ein og óstudd mun krónan ekki haldast nægjanlega stöðug til að uppfylla skilyrði um gengisstöðugleika. Á þessari sömu spýtu hangir skilyrði um verðbólgu.

### Langtímavextir

Vaxtaskilyrði sáttmálans fela í sér að langtímavextir m.v. 10 ára ríkisskuldabréf mega ekki vera hærri en tvö prósentustig umfram samsvarandi vexti í þeim þremur evruríkjum sem hafa lægsta verðbólgu. Í raun má segja að þetta skilyrði haldist í hendur við fyrrnefnd skilyrði Maastricht-sáttmálans, ef verðbólga er í skefjum, gott jafnvægi í þjóðarþúskapnum og staða ríkisfjármála viðráðanleg er afar líklegt að þetta skilyrði náist.

### Niðurstaða

Maastricht-skilyrðin voru sett til að tryggja stöðugleika innan myntsvæðisins og draga úr hættu á að efnahagsleg áföll hafi ósamhverf áhrif í aðildarríkjum. Skilyrðin tryggja þó ekki að það gerist ekki eins og sú ágjöf sem evran hefur orðið fyrir upp á síðkastið vegna efnahagsvandráða sem Grikkir glíma við sýnir glögg.

Miðað við þá hagstjórn sem einkennt hefur Ísland í gegnum tíðina, stærð og styrk myntarinnar og venjubundna eiginleika hagkerfisins er fátt sem bendir til að við munum uppfylla Maastricht-skilyrðin í náinni framtíð. Hins vegar hefur aldrei verið rekin hagstjórn á Íslandi sem miðar að því að uppfylla þessi skilyrði. Það er því óskynsamlegt að álykta sem svo að við munum aldrei uppfylla skilyrðin þar sem það hefur aldrei verið reynt.

Hvað sem líður aðild að ESB er það eitt mikilvægasta starfsskilyrðamál fyrirtækja á Íslandi að búa við stöðugleika líkt og þann sem kveðið er á um í Maastricht-skilyrðunum. Fyrsta skrefið hlýtur að vera að stefna að því uppfylla skilyrðin en ljóst er að án þess að vera í aðildarferli og þátttakandi í ERM II verður það mjög erfitt, ef ekki óhugsandi.

# Útlán með minnsta móti


Fjármálaleg skilyrði atvinnulífsins eru erfið um þessar mundir. Þrátt fyrir að vextir hafi lækkað talsvert undanfarna mánuði eru þeir enn háir. Þrátt fyrir að raunvextir séu frekar lágir, vegna hárrar verðbólgu, gera háir nafnvextir það að verkum að veltufjármagn er tiltölulega dýrt.

Aðgengi fyrirtækja að þessu dýra fjármagni er einnig erfitt. Efnahagssamdrátturinn, almenn óvissa um gæði útlána bankanna, óljósar efnahagshorfur, rýr veð og lækandi eignaverð eru til þess fallin að draga úr vilja banka til að veita lán. Þá er einnig til þess horft að endurskipulagning nýju bankanna hefur tekið langan tíma og það hefur einnig tafið að hægt sé að koma bankastarfsemi í eðlilegt horf.

Á móti þessu vegur að í sumum greinum atvinnulífsins var offjárfest á meðan góðærið stóð sem hæst. Þannig kann víða að vera fyrir hendi veruleg umframgreiðslugeta sem aftur dregur úr þörf á fjárfestingu. Vandinn snýr frekar að nýjum arðbærum verkefnum sem erfitt er að fjármagna um þessar mundir.

### Virkjun fjármagns

Markaðsfjármögnun, með útgáfu hluta-




bréfa- eða skuldabréfa er einnig erfið. Hlutabréfamarkaðurinn er aðeins svipur hjá sjón en vandinn á skuldabréfamarkaðnum snýr annars vegar að miklum hallarekstri ríkissjóðs en hins vegar að óljósum rekstrargrundvelli margra fyrirtækja.

Bankarnir eru fullir af fé og fjárfestar hafa flúið í skjól ríkisskuldabréfa og ríkistryggðra innlána. Skilvirkasta leiðin til að losa um þetta fé er að lækka vexti sem aftur ýtir undir að fjármagn fari að leita inn í atvinnulífið. Þótt staða margra fyrirtækja sé ekki burðug hlýtur endurveis efnahagslífsins að felast í að virkja fjármagnið og skapa hvata til fjárfestinga.

## Hvað kostar að byggja hús?

Kostnaðarskipting skv. nýrri byggingavísitölu



# Námskeið í gæða- vottun SI

**IDAN fræðslusetur** heldur í haust námskeið fyrir fyrirtæki SI sem stefna að því að hljóta gæðavottun SI. Kennt verður gæðavottunarkerfi SI og fulltrúar fyrirtækja þjálfaðir í aðferðafræði þess. Kennari á námskeiðinu verður Ferdinand Hansen.

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár veitt fyrirtækjum SI aðstoð við að bæta rekstur. Aðferðin byggist á áfangaskiptum aðgerðum sem miða að því að gera upplýsingar um alla rekstrarþætti aðgengilega og tryggja að þær séu nýttar til að bæta reksturinn.

Kröfur á hendur fyrirtækjum um gegnsæjan rekstur aukast stöðugt. Fyrirtæki þurfa í auknum mæli að geta sýnt fram á að rétt sé staðið að framleiðslu vörunnar, að íhlutir og efnismæðferð sé með réttum hætti. Eins þurfa fyrirtæki að geta sýnt fram á að þau uppfylli innlendir sem alþjóðlegar kröfur. Ekki síst er fyrirtækjum, sem vilja draga úr sóun og auka hagnað, mikilvægt að koma skipulagi á starfsemi. Gæðavottunarkerfi SI er notadrjúg aðferð til slíks.

Góður árangur hefur náðst hjá fyrirtækjum sem tekið hafa þátt í gæðavottunarstarfi SI. Vert er því að hvetja forsvarsmenn fyrirtækja í SI til gefa þessu námskeiði gaum sem auglýst verður nánar í ágúst á vefsetri IDUNNAR, [www.idan.is](http://www.idan.is).



Áfangar gæðavottunar SI er fjórir og miða að því að bæta hvaðeina í skipulagi og rekstri sem hefur áhrif á framleiðni og afkomu fyrirtækja. Veitt er gæðavottun fyrir hvern áfanga sem fyrirtækið getur strax nýtt í kynningarskyni.

D-vottun er fyrsta þrepið en sjö fyrirtæki hafa hlotið D-vottun. Það krefst þess að fyrirtæki standist tilteknar lágmarkskröfur um aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum um staðreyndir í rekstrinum. Þessar upplýsingar eru undirstaða þess að stíga næsta skref, C-vottun. að undangenginni úttekt og vottun. Fyrirtæki getur óskað sérfræðiaðstoðar við þá vinnu.

Þegar fyrirtæki hefur lokið C-þrepi hafa verið búin til þau stjórnæki sem eru forsenda fyrir B- og A-vottun. Þrjú fyrirtækið hafa hlotið C-vottun, eitt fyrirtæki hefur hlotið B-vottun. Enn þá hefur ekkert fyrirtæki verið vottað í A-þrep. Þau fyrirtæki, sem ná A-vottun, eiga mjög skammt í að uppfylla alþjóðlegan gæðastaðal ISO-9000:2000.



## Nýsköpunarmennt og atvinnulíf

Í sumarþyrjun unnu Samtök iðnaðarins, menntamálaráðuneytið, iðnaðaráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð að því að koma á samstarfi einstakra fyrirtækja og skóla um að kynna nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi fyrir ungu fólki, sem margt hvert væri annars iðjulaust.

Markmiðið er að auka skilning unga fólksins á nauðsyn nýsköpunar og að hvetja það til að láta ekki sitt eftir liggja í þessu samhengi. Möguleikar nýsköpunar eru ótakmarkaðir. Hliðarmarkmið þessa verkefnis er að þróa samstarf fyrirtækja og skóla um nýsköpun. Skólar eru þekkingar- og þróunarsetur og vel rekin fyrirtæki eru það einnig. Því er vert að skapa fyrirtækjum og skólum nýjan ramma eða vettvang til þess að uppgötva ónýtta möguleika í samstarfi þeirra. Það er líka nýsköpun.

Við undirbúning verkefnisins hittust 14 kennarar úr fjórum framhaldsskólum og sjö leiðbeinendur úr fjórum fyrirtækjum: Marel, Esju kjötvinnslu, Hilton hóteli og Ístaki. Þessi hópur varði nokkrum dögum í júní til að skipuleggja dagskrána en tekið verður á móti unga fólkinu í ágústmánuði, bæði í fyrirtækjum og í skólum.

## Nýr skattaafsláttur vegna viðhalds fasteigna

**Kostnaður** vegna viðhalds fasteigna er nú frádráttarþær frá skatti einstaklinga. Þetta er nýjung sem kemur til viðbótar 100% endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað. Endurgreiðslurnar eru tímabundnar og er ætlað að hvetja fólk til framkvæmda.

„Þetta er mikilvæg hvatning til einstaklinga sem hyggjast breyta eða bæta eigið húsnæði. Skattaafslátturinn nýtist líka fyrir þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í frá áramótum og það er ekki eftir neinu að biða fyrir þá sem hyggja á viðhaldsframkvæmdir“ segir Friðrik Ágúst Ólafsson hjá Samtökum iðnaðarins.

Með þessu móti ætti að vera unnt að örva atvinnustarfsemi á sviði mannvirkjagerðar og um leið að draga úr svartri vinnu. Það má því með sanni segja að nú sé gullið tækifæri fyrir alla þá sem eru í framkvæmdahug og vilja bæta og laga eigið húsnæði hvort sem er íbúðir eða sumarhús.

Heimilt er að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Auk viðhalds fasteigna nær heimildin líka til vinnu vegna lóðaframkvæmda. Heimild þessi mun koma til frádráttar tekjuskattsstofni við álagningu



opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna tekjuáranna 2010 og 2011, að hámarki 200.000 kr. hjá einhleypingi eða 300.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

# Skattaívilnun vegna þróunarkostnaðar og útgáfu nýrra hlutabréfa

Í desember 2009 samþykkti Alþingi tvenn lög, nr. 152/2009 og 137/2009, til að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja. Samkvæmt lögnum verður viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum annars vegar veittur réttur til skattfrádráttar vegna kostnaðar við rannsóknar- og þróunarstarf í nýsköpunarverkefnum. Hins vegar er hvatt til fjárfestinga í viðurkenndum nýsköpunarfyrirtækjum gegn skattafslætti til fjárfesta.

Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum geta sótt um og fengið staðfestingu sem nýsköpunarfyrirtæki, að uppfylltum skilyrðum laganna. Lykilatriði í skilgreiningu laganna á „nýsköpunarfyrirtæki“ er að geta sýnt fram á að á tveimur af síðustu þremur árum hafi rannsóknar- og þróunarkostnaður numið meira en 1,5% af rekstrartekjum, eða -kostnaði, eftir því hvor fjárhæðin er hærri, eða að varið hafi verið a.m.k. 40 milljónum króna til rannsókna og þróunarstarfs á ári undanfarin tvö ár.

Lögaðili, sem óskar eftir staðfestingu á að teljast nýsköpunarfyrirtæki skal senda Rannís umsókn þess efnis.




## Um tvo kosti að velja

Annars vegar staðfesting sem leiðir til skattfrádráttar vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar samkv. 5. grein laganna og hins vegar heimild vegna hlutfjárfestinga sem veitir heimild til skattafsláttar fjárfesta samkv. 6. grein laganna. Sami umsækjandi getur sótt um hvort tveggja. Myndirnar lýsa umsóknarferlinu í megindrátum.

### Leið 1

Skattfrádráttur miðast við hvert verkefni og er stofn til útreiknings að hámarki 50 mkr. fyrir verkefni (75 mkr. með samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir eða aðra viðurkennda aðila). Skattfrádráttur nemur 15% af stofni til útreiknings, þ.e. að hámarki 7,5 mkr. miðað við hámarksheimild. Skattfrádráttur (endurgreiðsla) er óháður því hvort fyrirtækið greiðir skatt eða ekki. Fyrirtæki getur verið með fleiri en eitt verkefni á sama tíma en sækja verður um hvert verkefni sérstaklega.

*Fyrirtæki sem hyggjast nýta heimildir á árinu þurfa að sækja um staðfestingu hjá Rannís fyrir 1. september. Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn sína til að hefjast handa strax. Heimildin er afurvirk frá 1. janúar að telja.*



Töflur: Rannís

### Leið 2

Skattafsláttur til fjárfesta vegna hlutabréfakaupa miðast við fjárfestingu á hverju ári að verðmæti keyptrar hlutabréfa umfram verðmæti seldra í samskonar félögum, að hámarki 300 þús. kr. hjá einstaklingi og 600 þús. kr. hjá hjónum. Samskonar heimild er veitt til hlutafélaga og einkahlutafélaga sem miðar að fjárfestingu að hámarki 15 mkr. á hverju ári.

### Handbók

Rannís vinnur að mótun umsókna- og verklagsferla, m.a. í formi handbókar með leiðbeiningum fyrir umsækjendur, ásamt því að draga fram nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd laganna.

Nánari upplýsingar á vef Rannís, [www.rannis.is](http://www.rannis.is) (skattaívilnun).

## Nýir félagsmenn SI

Data Market  
Klapparstíg 16  
101 Reykjavík

Jarteikn  
Búlandi 4  
108 Reykjavík

Icelandic Water Holdings  
Hlíðarenda  
801 Selfossi



**Kaffitár** kynnti nýverið fyrsta íslenska kaffibjórinn, með mildan keim af brasilísku úrvaskaffi. Nýverið efndi Kaffitár til kynningar á Pelé, fyrsta íslenska kaffibjórnum sem framleiddur er hérlendis. Bjórinn er bruggaður hjá Ölvisholti, en kaffið er frá hinu margverðlaunaða framleiðslufyrirtæki Datterra í Brasilíu.

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs bauð viðstadda velkomna með nokkrum orðum um samstarf fyrirtækjanna þriggja sem gat af sér Pelé, fyrsta íslenska kaffibjórinn. Mál manna er að einstaklega vel hafi tekist að gefa bjórnum hinn sérstaka kaffikeim, kaffibaunirnar koma úr heimahéraði Edson Arantes Do Nascimento, sem var betur þekktur sem knattspyrnuþingið Pelé.

Pelé er fánlegur hjá Kaffitár í kaffihúsi í Höfðatorgi við Borgartún og Leifstöð.